

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs - Suðursvæði 19. fundur

19. fundur

Fundur haldinn mánudaginn 12. apríl 2010 kl. 16.00. Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Guðrún Ingimundardóttir, Skúli Skúlason og Hrafnhildur Hannesdóttir. Einnig: Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður, og Halldóra Hreggviðsdóttir ráðgjafi. Árni Geirsson ráðgjafi og Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri mættu á fundinn kl. 18.10.

Dagskrá.

1. Drög að stjórnunar – og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (SVVP)

Hjalti bauð fundarmenn velkomna. Halldóra gerði grein fyrir stöðu við vinnu að SVVP. Sú vinna byggir á samráðsfundi sem haldinn var í Elliðarárdal sl. haust, skýrslu ráðgjafa svæðisráða, samráði og vinnu við þjóðgarðsvörð á Suðursvæði og þeim lagagrunni sem Vatnajökulsþjóðgarður hvílir á.

Eftirfarandi kom m.a. fram í máli Halldóru

- Að vinna að verndar- og stjórnunaráætlun miðaðist við að leggja hana fram á því formi sem skipulagsáætlanir og lög gera ráð fyrir. Komið hefur jákvæð umsögn frá umhverfisráðuneytinu um þá nálgun sem beitt hefur í þessari vinnu. Hins vegar hefur ekki enn komið formlegt heiti á SVVP en reynt er að finna gott heiti á afraksturinn sem á að vera stefna um nýtingu, verndun og stjórnun þjóðgarðsins.
- Í drögum að SVVP er tillaga um að VP falli undir verndarflokk II hjá IUCN. Sú vernd gengur út á verndun landslags og menningarminja en takmarkar ekki atvinnustarfsemi enda sé hún byggð upp samkvæmt sjónarmiðum sjálfbærrar þróunar.
- Eitt af skilgreindum víðernum er jökulhettan en í texta er sérstaklega tekið fram að jökulhettan sé aðgengilegust að sunnanverðu og sé vettvangur margvíslegar útivistar og ferðaþjónustu, t.d. gönguferða um skriðjökla og á fjallstinda, vélsleðaferða og jeppaferða. Af þeim sökum þarf ekki að óttast takmörkun á þeirri atvinnustarfsemi sem þar er stunduð.
- Varðandi samgöngur í þjóðgarði hefur verið rætt við Vegaerð um framsetningu og allar leiðir verða skilgreindar sem vegir en ekki slóðar. Umræða á sér stað við Vegagerðina um veghald. Svæðisráð er sammála um að vegir verði ekki uppbyggðir en allar megin aðkomuleiðir lagðar bundnu slitlagii.

Regína gerði grein fyrir málum er sérstaklega varðar skipulag á suðursvæði:

- Farið yfir einstök atriði er varðar notkun skálanna í Esjufjöllum, Grímsfjalli og Goðahnúkum í kafla 9.5 um aðra landnotkun. Þar kemur fram að setja verði í skilmála að skálarnir verði einnig opnir til útivistar og ferðaþjónustu í samræmi við það sem stendur undir svæði með sérstökum áherslum. Mikil umræða skapaðist um Esjufjöll, Grímsfjall og Goðahnúk og að mikilvægt sé að halda þeim opnum fyrir ferðaþjónustu og útivist.

- Kafli 9.1. fjallar um svæði með sérstökum verndarákvæðum á Suðursvæði þar sem dregin eru fram svæði sem eru áhugaverð fyrir ferðamenn og til útivistar og eins hvernig verja beri svæðin fyrir skemmdum. Þessi umfjöllun byggir á úttekt ráðgjafa svæðisráðs Suðursvæðis. Einnig rætt um að í ákvæði um jaðra skriðjökla verði heimild að lengja vegslóða við Fláajökul.

- Í kafla 9.2. er fjallað um samgöngur. Svæðisráð fjallaði sérstaklega um veginn í Heinabergsdal. Upplýst að starfshópur um Heinabergssvæði hafi séð not fyrir hann vegna smalanna á vegum bænda og fulltrúar útivistarsamtaka hafi lagt áherslu á að aka veginn vegna skipulagðra ferða á Humarkló eða aðra tinda í umhverfinu. Starfshópurinn hafi ekki viljað hleypa almennri umferð lengra en að fyrirhugðum áningarstað við Heinabergslón. Svæðisráð leggur því til að vegurinn verði lokaður fyrir almennri umferð en þjóðgarðsvörður geti heimilað akstur um hann og að bændur hafi heimild til að fara um veginn vegna smölnnar sem og hreindýraveiðimenn. Rætt um að mæta mætti sjónarmiðum útivistarsamtaka með skálabyggingu í Heinabergsdal. Einnig gerði tillaga um að taka þyrfti fram að fyrirhuguð er samfellt göngusvæði frá Lónsöræfum að Skálafelli. Jafnframt að taka þarf fram gönguleið frá Humarkló niður í Heinabergsdal. Gerð tillaga um að taka fram um fyrirhugaða vegi að gert sé ráð fyrir lenginu vegar inn Hoffellsdal og að Goðahrygg.

- Farið yfir kafla 9.4 um þjónustusvæði.

- o Rætt um að tjöldun væri óheimil nema á þar til gerðum tjaldstæðum á suðursvæði. Gerð tillaga um að bæta við undir kaflann um tjaldsvæði að tjöldun utan merktra tjaldsvæða í Hoffelli og Skálafelli sé óheimil.

- o Farið sérstaklega yfir markmið með uppbyggingu í Skaftafell, Heinabergssvæði, Hjallanesi, Hoffelli, Höfn og Stafafellsfjöllum.

- o Gerð tillaga um að undir umfjöllun um Heinabergssvæði verði gert ráð fyrir að deiliskipulag staðsetji tvo gönguskála, annan við Jökulfell og hinn í Heinabergsfjöllum.

- o Gerð tillaga um að tilgreina landvörslu undir umræðu um samstarf við landeigendur.

- o Gerð tillaga um að upplýsingahlið/skilti verði sett upp við þjóðgarðsmörk þar sem ekið er inn í Skaftafell, á þjóðgarðsmörkum á Heinabergssvæðinu, við Hoffellsjökul, Jöklašel, og einnig að sett verði hlið við Gígjukvísl, Háöldu, Morsá, eldra útfall Skeiðarár og Hjallanes þar sem gengið er inn í þjóðgarð.

- Regína lagði áherslu á að gerð yrði beitarþolsmæling á suðursvæði til að hægt verði að vakta hvort markmið með sjálfbærni væri ógnað.

Fundarmenn þökkðu ráðgjöfum suðursvæðis, ráðgjöfum Alta og starfsmönnum þjóðgarðsins fyrir vel unnin störf hingað til við vinnu að verndaráætlun.

2. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið 18.45